

Svar

félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur um átakið Nám er tækifæri.

1. *Hversu margir atvinnuleitendur hófu nám um áramótin í gegnum átakið Nám er tækifæri?*

Um áramótin 2020–2021 hófu 268 atvinnuleitendur nám í framhaldsskóla eða háskóla sem og aðfaranám í háskóla sem einnig hefur verið nefnt háskólabrú.

2. *Um hvers konar nám sóttu atvinnuleitendur og í hvaða skóla, sundurliðað eftir landsvæðum?*

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 919/2020, um námsbrautir í framhaldsfræðslu, framhaldsskólum og háskólum sem falla undir átakið „Nám er tækifæri“, telst tiltekið starfs- og tækninám í framhaldsfræðslu, á framhaldsskólastigi eða háskólastigi sem og nám sem skipulagt er í samræmi við reglur nr. 835/2019, um aðfaranám í háskólum, eða nám sem telst flýtleið háskólamenntaðra til annarrar prófgráðu, svo sem á sviði hjúkrunarfræði, eða heilbrigðis- og kennslugreina, til vinnumarkaðsúræða skv. 12. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, og falla undir átakið Nám er tækifæri.

Í eftirfarandi töflu má sjá nánari greiningu þeirra 268 atvinnuleitenda, sem hófu nám um áramótin 2020–2021, eftir skólastigi og landsvæðum:

Aðfaranám	37
Höfuðborgarsvæðið	7
Suðurnes	14
Vesturland	16

Framhaldsskólanám	164
Höfuðborgarsvæðið	121
Norðurland eystra	3
Norðurland vestra	2
Suðurland	9
Suðurnes	15
Vestfirðir	3
Vesturland	11

Háskólanám	62
Höfuðborgarsvæðið	50
Norðurland eystra	3
Norðurland vestra	6
Vesturland	3

Símenntun	5
Höfuðborgarsvæðið	3
Norðurland eystra	2

Samtals **268**

3. Hvaða fjármunir hafa fylgt inn í hvaða skóla með áttakinu?

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir 1.728 millj. kr. vegna náms atvinnuleitenda á framhaldsskólastigi sem og 971 millj. kr. vegna náms á háskólastigi en þar af er gert ráð fyrir um 100 millj. kr. vegna aðfaranáms atvinnuleitenda. Verður hverjum skóla greitt fyrir hvern atvinnuleitanda sem skólinn veitir skólavist í tengslum við áttakið og mun ráðuneytið sjá um framkvæmdina þar sem tekið verður tillit til mismunandi kostnaðar af einstökum námsbrautum í samræmi við gildandi reiknilíkan fyrir framhaldsskóla og háskóla.